

Nd.

453. Frumvarp til laga

[188. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi.

Flm.: Ingvar Gíslason, Bragi Sigurjónsson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi, og er þar með niður fallin sú heimild til sölu jarðarinnar, sem getur í lögum nr. 54/1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gísl Jónsson, bóndi á Engimýri í Öxnadal og eigandi þeirrar jarðar, hefur óskað þess að fá keypta af ríkinu eyðijörðina Fagranes í sömu sveit. Jarðirnar Fagranes og Engimýri eru nágrannajarðir, en sá er munur á, að Fagranes er löngu komin í eyði, enda ræktunarsnauð og húsalaus með öllu, en á Engimýri er rekinn góður búskapur, sem á sér vísa framtíð. Þó telur bóndinn þar sér mikla nauðsyn að fá meira land til eignar og hefur í því sambandi augastað á eyðijörðinni Fagranesi, enda hafa Engimýrarbændur allengi haft afnot af jörð þessari, þótt ekki hefðu þeir á henni eignarhald.

Þess er vert að geta, að vorið 1950 var samþykkt á Alþingi heimild til handa ríkisstjórninni um að selja Rúti Þorsteinssyni, sem þá var eigandi og ábúandi Engimýrar, Fagranesið, en úr þeim kaupum varð aldrei, og er flm. ókunnugt um ástæður þess. Það er því ekki nýtt mál, að Engimýrarbóndi falist eftir kaupum á Fagranesi, heldur er hér miklu fremur um að ræða ítrekun máls, sem Alþingi hefur áður verið hliðhollt. Heimildarinnar frá 1950 er þó ekki unnt að neyta, þar sem hún er bundin við nafn tiltekins manns, Rúts Þorsteinssonar, sem hættur er búskapur fyrir allmörgum árum, og er því nauðsynlegt að endurnýja heimild þessa með nýrri lagasetningu.

Oddviti Öxnadalshrepps hefur tjáð flm., að hreppsnefndin sé þessari sölu meðmælt, og hefur lýst sig fúsan til að votta það með bréfi.